



Stjórnarfundur í Þyt 26 apríl 2018

Mættir: Gunnar Geir, Árni Geir, Árni Þór, Sindri og Karitas.

1. Sindri lagði fram reikninga sem gjaldkeri tók á móti.
2. Formaður greindi frá árangurslausum tilraunum við að fá þjálfa. Þjálfaramál rædd.
3. Formaður greindi frá að hann hefði fengið kranabíl til að raða grjótinu við rampinn. Það vantar gröfu með fleig til að brjóta ofan af klöppum sem standa upp úr á jaðri rampsins.
4. Formaður greindi frá að sér hefði reynst ómögulegt að fá steypu á frídögum. Þörf er á 40 rúmmetrum steypu og stórri dælu við stækkun rampsins.
5. Optimistar. Ekki hefur tekist að fá ákveðin svör við fjárveitingu til kaupa á Optimist bátum.
6. Ræddar framkvæmdir m.a. við svalir á suðurhlið.
7. Ræddar heimsóknir einstaklinga í klúbbhúsið að næturlagi. Ákveðið að takmarka aðgang á þeim tíma sólarhrings.
8. Salarleiga rædd.
9. Sjómannadagurinn. Ákveðið að hafa opið hús þann dag. Þörf er á um 15 sjálfbóðaliðum ef vel á að fara við mönnun öryggisbáta og til aðstoðar við gesti. Ræddar veifur og borðar.
10. Myndavélamál rædd. Enn á eftir að setja upp nokkrar öryggismyndavélar.
11. Rædd nauðsyn þess að allir sem koma að starfinu hafi farið í bakgrunnsrannsókn.
12. Samþykkt að kaupa varahluti í lazer bátana.
13. Samþykkt að kaupa 10 byrjendakayaka í Costco.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Siglingaklúbburinn Þytur 19. apríl 1975